

Beiðni um styrk hjá Atvinnuuppbyggingarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég, Haraldur Þór Jónsson og eiginkona mín Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, ásamt börnum okkar Sunnevu Björg og Jóni Ágúst tókum þá afdrifaríku ákvörðum sumarið 2014 að finna okkur jörð á Suðurlandi til að flytja til og hefja uppbyggingu á ferðapjónustu. Sú leit leiddi okkur hingað í Skeiða- og Gnúpverjahrepp með kaupum á jörðinni Hraunvellir. Við fluttum hingað 19. Desember 2014.

Í fyrstu sóttum við vinnu annað. Ég hélt áfram að sækja vinnu til Reykjavíkur fram á vorið 2017 og Helga starfaði sem kennari í Flóaskóla. Samhliða vinnu hófst undirbúningurinn að okkar uppbyggingu. Það tók fram á haustið 2016 að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi. Á sama tíma hönnuðum við húsinn sem við erum að byggja og þróuðum þá þjónustu sem við ætluðum að bjóða uppá.

Þegar uppbygging á fyrstu fjórum húsunum var búin, í júní 2017, þá var búið að skapa forsendur fyrir fullri vinnu fyrir Helgu og hefur hún séð um daglegan rekstur á húsunum.

Þegar við höfum framkvæmdirnar núna í september á næstu húsum, þá tókum við Sunnevu okkar sem er í dag 19. ára í hálf starf hjá okkur þar sem ég er núna í fullu starfi að byggja næstu fjögur hús og Helga aðstoðar mig við það. Upphaf þessara framkvæmda markar þau tímamót að þá erum við búinn að skapa öllum í fjölskyldunni atvinnu, núna við daglegan rekstur og byggingu á næstu húsum.

Við áætluðum að ljúka þessum framkvæmdum sem við erum í núna í mars/apríl 2019 og þá verðum við komin með 8 hús í fullan rekstur og höfum skapað okkur fjölskyldunni atvinnu um ókomna tíð.

Kostnaðaráætlun við byggingu þessa fjögurra húsa sem við erum byrjuð á eru upp 53 milljónir. Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun sem inniheldur framvinduskýrslu. Í dag erum við búin að byggja upp púðann undir húsinn sem við þurfum að gera vegna flóðahættu og erum byrjuð á vinnu við að slá upp mótum og steypa plötur. Húsin voru pöntuð frá Eistlandi í haust eins og áður og eru þau tilbúin og fara í skip 15. Janúar og eru áætluð til Ísland um 10. Febrúar. Þá ætlum við að vera tilbúin með steypar plötur og munum reisa húsinn í lok febrúar.

Frá því við fluttum hingað í Skeiða- og Gnúpverjahrepp höfum við leitast við að nota þá aðila sem búa hér í sveitinni til að vinna fyrir okkur í þessum framkvæmdum, Ólafur Leifsson er byggingastjóri, Skúli er píparinn, Sigurður Unnar eg byggingarfræðingurinn, Georg hefur reglulega þurft að koma með tæki hingað og hálpa mér. Við höfum því haldið vinnunni innan sveitarinnar og lagt okkar af mörkum til að byggja upp atvinnu á okkar svæði.

Við óskum eftir styrk frá Atvinnuuppbyggingarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem við erum jú að byggja upp til langs tíma atvinnu í sveitarfélaginu. Þessi framkvæmd sem við erum í núna er áætluð uppá 53 milljónir og sækjum við um styrk uppá allt að 2 milljónir, eða upp 4% af áætluðum kostnaðar þessara 4 húsa sem við byggjum núna.

Með ósk um góðar undirtektir,

Haraldur Þór Jónsson

Trix ehf